

## Matarþjónusta í Kópavogi er tvenns konar:

### I. Heitur hádegismatur í félagsheimilum

Hægt er að kaupa heitan mat í hádeginu alla virka daga í félagsheimilum **Gjábakka** í Fannborg 8, **Gullsmára** í Gullsmára 13 og í **Boðanum**, Boðarþingi 9.

Í síma félagsheimilanna er hægt að fá frekari upplýsingar um matarþjónustu sem er í boði:

- **Gjábakki sími 554-3400**
- **Gullsmári sími 564-5260**
- **Boðinn sími 512-7400**

#### Fyrirkomulag

Nauðsynlegt er að tilkynna komu í matinn samdægurs eða fyrir kl. 9.30 í síma félagsheimilanna .

#### Verðskrá á mat:

- Stök máltíð 67 ára og eldri.....kr. 920
- Kort með 10 miðum.....kr. 9.200
- Stök máltíð fyrir yngri en 67 ára..... kr.1.040
- Kaffi .....kr. 130
- Kaka/brauð ..... kr. 240

### II. Heimsendur matur

Heimsendur matur er **aðeins** fyrir þá sem ekki sjá sér fært að borða í nálægu félagsheimili eða annast matseld sjálfir af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum. Matinn er hægt að fá í hádeginu alla daga vikunnar og er hann afgreiddur í bökkum og keyrður heim til viðkomandi um hádegisbil.

Þjónustustjórar félagslegrar heimaþjónustu taka við pöntunum um heimsendan mat og áskilja sér rétt til að fá ákveðnar upplýsingar um aðstæður á heimili áður en matur er sendur heim.

#### Fyrirkomulag

Panta þarf heimsendingu á föstudögum **fyrir kl. 12.00** fyrir næstu sjö daga, þ.e. ef viðkomandi vill fá mat á laugardegi, sunnudegi og/eða á mánudegi til föstudags í komandi viku. Það sama á við um **rauða daga**.

#### Pöntunarsími er 570 1500

**Mikilvægt er að afpanta matinn ef hans er ekki óskað.**

#### Verðskrá á mat:

- Stök máltíð..... kr. 920
- Heimsending virka daga... .....kr. 350
- Heimsending um helgar..... kr. 350

Greiðsluseðill er sendur út mánaðarlega og má greiða hann í öllum bönkum og pósthúsum.

Frekari upplýsingar um heimsendan mat veita þjónustustjórar félagslegrar heimaþjónustu í síma 570- 1500.